



### Fundargerð aðalfundar 2023

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. árið 2023 var haldinn í húsakynnum félagsins að Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, 9. maí 2023 kl. 14:30. Mættir voru fulltrúar 13 hluthafa sem eiga 84.52 % hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur, fundarstjóra og Stefaníu Gunnarsdóttur, ritara. Fundarstjóri lýsti því yfir að löglega hafi verið til fundarins boðað og fundurinn væri sóttur af hluthöfum er fara með tilskilið magn hlutafjár. Væri fundurinn því lögmætur.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:


1. Viktor Jens Vigfússon, stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning fyrirtækisins en hann var sendur til allra hluthafa fyrir fundinn. Ársreikningurinn var samþykktur einróma.
3. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins:
  - Viktor Jens Vigfússon (kt. 200767-4039), aðalmaður.
  - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059), aðalmaður.
  - Pálína Magnúsdóttir (kt. 151163-7269), aðalmaður.
  - Árni Konráð Bjarnason (kt. 130459-6179), aðalmaður.
  - Guðmundur Axel Hansen (kt. 160577-4879), varamaður.
  - Stefanía Gunnarsdóttir (kt. 311071-5219), varamaður.

Þá var gerð tillaga um að Ríkisendurskoðun yrði kjörinn endurskoðandi, og var tillagan samþykkt samhljóða.

4. Lögð var fram tillaga um að tap af rekstri ársins 2022 fari til lækkunar á eigin fé félagsins, eins og ráð er fyrir gert í fyrirliggjandi ársreikningi. Samþykkt einróma.
5. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2023 til aðalfundar 2024 hækki um 4,5% og verði því kr. 35.946 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
6. Önnur mál. Sveinbjörg fór yfir að Landskerfi bókasafna eru meðvituð um að bæta þurfi nýja kerfið. Heimsókn frá Ex Libris í haust, einfalda þarf kerfið sérstaklega fyrir almennings- og skólasöfn. Andrea í Grindavík bauð fram heimsókn í safnið. Landskerfi er á lokametrum í samvinnu við Smart Souldution með rafræn bókasafnsskírteini. Kostnaður ekki alveg ljós en möglega þarf að hækka gjaldskrá lítilliga. Spurt var um þýðingu á kerfinu, orðalag ekki alltaf í samræmi við hefðir. Það er ekki efst á blaði en verður gert.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 15.20.

  
Erla S. Árnadóttir

Stefanía Gunnarsdóttir

